Kópavogi, 10. febrúar 2026
25042761/002.00 AKÓ

Efni: Svör við tillögum Ungmennaþings Kópavogs 2025

Ungmennaþing Kópavogs er haldið ár hvert og er mikilvægur vettvangur þar sem ungmennum í sveitarfélaginu gefst tækifæri til að ræða málefni sem þeim eru ofarlega í huga og forgangsraða þeim tillögum sem fram koma. Molinn, miðstöð unga fólksins, stendur fyrir þinginu í nánu samstarfi við fulltrúa ungmennaráðs, og er þetta samtal orðið fastur og mikilvægur liður í lýðræðislegri þátttöku ungmenna í Kópavogi.

Tillögurnar sem ungmenni setja fram eru kynntar bæjarstjórn á hverju vori. Í september 2025 var efnt til sérstaks Kaffihúsafundar þar sem markmiðið var að dýpka umræðurnar og skýra betur þarfir og áherslur ungmennanna. Þar fengu þau tækifæri á að útskýra tillögur nánar og forgangsraða þeim enn frekar í góðri samvinnu við bæjarfulltrúa.

Af hálfu ungmenna kemur fram beiðni um að auka miðstigsstarf og fleiri opnanir í félagsmiðstöðvum, hækkun frístundastyrks, beiðni um fartölvur á unglingastigi í grunnskólum og að meira samræmi sé á einkunnargjöf á milli grunnskóla í Kópavogi. Jafnframt er lögð áhersla á að íþrótta- og tómstundastarf taki vel á móti öllum börnum, óháð bakgrunni eða þörfum, og að aðstaða og skipulag endurspegli fjölbreytta hópa samfélagsins.

Svörin endurspegla vilja Kópavogsbæjar til að hlusta á hugmyndir ungmenna og vinna með þeim í gegnum gegnsæ ferli sem styrkir lýðræðislega þátttöku. Með ungmennaþingi, Kaffihúsafundi og formlegum svörum í upphafi árs er mótuð skýr og aðgengileg leið ungmenna svo raddir þeirra berist inn í stjórnsýslu sveitarfélagsins, og þannig tryggt að sjónarmið þeirra hafi raunverulegt vægi í þróun þjónustu, umhverfis og skóla- og frístundasamfélags í Kópavogi.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri, menntasviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 08.11 2026